



Lýsing á B2B vefþjónustum

Notendahandbók



Efnisyfirlit

Inngangur

Hvað er B2B?

Fyrir hverja er B2B?

Helstu kostir B2B

Meginþjónustur

Hvað er hægt að gera í B2B?

Innheimtukröfur

Innlendar greiðslur

Erlendar greiðslur

Bankareikningar

Sækja yfirlit innlánsreikninga

Gengi gjaldmiðla

Ógreiddir reikningar

Rafræn skjöl

Kreditkort

Öryggi B2B

Rafræn skilríki

Innskráning í B2B

Netbanki eða B2B?

Kostar B2B?

Aðstoð

Inngangur

Arion banki kappkostar að vera leiðandi í rafrænni þjónustu. Þessi notendahandbók lýsir helstu möguleikum B2B án þess að fara of djúpt í tæknimál. Meðal annars verður farið yfir hvað B2B er, fyrir hverja, helstu þjónustur í boði, kosti þess að nota B2B og öryggismál. Er B2B betri kostur en netbankinn? Hvar leita ég aðstoðar ef upp koma vandamál? Reglulega eru gefnar út tæknihandbækur með nauðsynlegum upplýsingum varðandi tæknimál.

Hvað er B2B?

B2B er safn af vefþjónustum fyrir þá sem vilja stunda bankaviðskipti á netinu og fá góða yfirsýn yfir eigin fjármál og viðskipti. Hægt er að stunda öll helstu bankaviðskipti í B2B þjónustum Arion banka, beint úr bókhaldskerfinu, hvenær sem er. B2B er samskiptatækni fyrir bókhaldskerfi fyrirtækja til að skiptast á upplýsingum við bankann. Nánast allar aðgerðir fara fram í bókhaldskerfinu, án viðkomu í netbankanum. Ætlunin með þessari bók er að útskýra B2B á mannamáli, þ.e. ekki fara í djúpt í tæknimál. Ýmis hugtök verða notuð, eins og skema, skeyti, sendingar, svör og xml.

Skeyti: samskipti byggð á skilaboðum, þau eru ýmist send (fyrirspurn) eða móttekin (svar).

Skema: xml skema sem skilgreinir uppbyggingu þeirra gagna sem vefþjónusta tekur á móti eða sendir frá sér.

Fyrir hverja er B2B?

B2B hentar fyrirtækjum, sveitarfélögum, stofnunum og félagasamtökum, stórum sem smáum. Innleiða má B2B í litlum skömmtum, algengt er að byrja smátt og bæta fleiri aðgerðum við síðar.

Helstu kostir B2B

B2B er öflug lausn á sviði rafrænna þjónustuþátta. Með innleiðingu B2B styttest vinnuferlar og aukið hagræði verður í bókhaldinu. Tímasparnaður eykst og líkur á villum minnka til muna. Aðeins er unnið í einu kerfi, þ.e. bókhaldskerfi fyrirtækisins, sem dregur úr villuhættu. B2B veitir rauntímasýn í bókhaldi sem eykur möguleika á að taka upplýstar ákvarðanir.

Nokkrir punktar um kosti B2B:

- Betri nýting mannauðs
- Vinnuferlar styttest
- Unnið í einu kerfi
- Minni villuhætta
- Tímasparnaður
- Aukin afköst
- Einfaldara bókunarferli
- Hagræði í bókhaldi



Meginþjónustur

Hvað er hægt að gera í B2B? Hér er stutt samantekt á því sem felst í B2B þjónustu Arion banka.

Innheimtukröfur (frum- og milliinnheimta)


Vefþjónusturnar bjóða allar aðgerðir sem tengjast kröfupotti reiknistofu bankanna (rb)

- Stofna, breyta, fella niður kröfur
- Stofna og sækja kröfubunka
- Sækja kröfufyllit
- Sækja greiddar kröfur
- Skila kröfu til kröfuhafa




Innlendar greiðslur

- Millifæra
- Bunkagreiðslur
- Senda inn í netbanka og greiða bunkann þar
- Greiða beint úr bókhaldskerfinu án viðkomu í netbanka – Straight through greiðslur
- Kvittanir fyrir bæði staðfesta og óstaðfesta bunka – sundurliðaðar upplýsingar (bókaðar greiðslur og á villu)
- Greiða ógreidda reikninga
- Greiða inn á kreditkort
- Stofna framvirkar millifærslur
- Stofna framvirka greiðslubunka
- Senda greiðslubunka í samþykktarferli
- Sækja kvittun
- Sækja stöðu á greiðslubunka



Erlendar greiðslur (SWIFT greiðslur)

- Stofna erlendar greiðslur
- Sækja kvittun fyrir erlendar greiðslur
- Skrá staka greiðslu
- Skrá margar greiðslur



Bankareikningar

- Sækja lista yfir bankareikninga
- Sækja ítarupplýsingar bankareiknings (Vextir, binditími osfrv.)
- Staða og hreyfingar bankareiknings

Sækja yfirlit innlánsreikninga


- Fá yfirlit og upplýsingar um stakan innlánsreikning
- Upplýsingar um Fit kostnað ef farið yfir úttektaheimild reiknings
- Staðfesta að innsend kennitala sé eigandi, prókúrhafi eða skráð sem auka kennitala á tiltekinn reikning. Hentar vel að gera á launareikning starfsmanna áður en launakeyrsla er gerð.

Gengi gjaldmiðla

- Sækja almennt gengi, seðla- og tollgengi

Ógreiddir reikningar


- Yfirlit yfir ógreidda reikninga
- Ítarupplýsingar um ógreiddan reikning



Rafræn skjöl

Senda inn rafræn skjöl sem birtast í öllum netbönum á Íslandi. T.d. launaseðlar, greiðsluseðlar og lykilorð.

- Fá svar um fjölda innsendra skjala




Kreditkort

Þjónustan sækir upplýsingar um kreditkort innskráðs notanda, bæði kort sem hann er eigandi að og einnig þau kort sem hann er handhafi að, svo fremi sem hann hefur réttindi til þess að sjá kort. Kreditkortþjónustan skilar út upplýsingum um virk kort og einnig kort í lögfræðiinnheimtu. Einnig er hægt að sækja yfirlit yfir hreyfingar korta bæði eftir úttektartímabili og greiðslutímabili.

Kreditkortþjónustan gerir notanda kleift að:

- Sækja yfirlit yfir kreditkort fyrirtækis
- Ítarupplýsingar um stakt kort
- Yfirlit yfir hreyfingar korts



Til þess að auðvelda hugbúnaðarhúsum að forrita á móti vefþjónustum frá bankastofnunum var skilgreindur staðall sem nefndur er Sambankaskema 2005. Staðallinn nær ekki yfir alla bankastarfsemi þannig að Arion banki hefur einnig gert sínar eigin þjónustur sem ekki eru samræmdar við aðrar bankastofnanir. Þær þjónustur eru hér flokkaðar undir Arionbankaskema. Í töflunni er mismunurinn sýndur á einfaldan hátt.

Þjónusta	Sambanka-skema	Arionbanka-skema
Innheimtukröfur	0	
Innlendar greiðslur	0	
Erlendar greiðslur		0
Bankareikningar		0
Gengi gjaldmiðla	0	
Ógreiddir reikningar		0
Rafræn skjöl	0	0
Yfirlit færslna á reikningum	0	
Kreditkort		0

Öryggi B2B

B2B tryggir hámarksöryggi gagna sem send eru milli bankans og bókhaldskerfisins. B2B vefþjónusturnar nota Web Service Security (WSS) til að senda inn auðkenni (e. Username Token) sem innheldur notandanafn og lykilorð úthlutað af Arion banka, auk þess sem samskiptin eru undirrituð með rafrænum skilríkjum. Upplýsingar milli bókhaldskerfis og banka eru einnig dulkóðuð yfir HTTPS samskipti sem þýðir að fyllsta öryggis er gætt. Til að tryggja samræmingu og heilindi gagna milli bókhaldskerfis og netbanka eru greiðslubunkar, sem sendir eru frá bókhaldskerfum í netbanka til greiðslu, læstir. Einungis er hægt að breyta þeim í bókhaldskerfi fyrirtækis. Einnig þarf notandi sem sendir inn kröfubunka í gegnum B2B að vera sá sami og bókar kröfubunkann í netbankanum.

Rafræn skilríki

Rafræn skilríki eru notuð til að auðkenna notendur ásamt því að þau gilda sem undirskrift viðkomandi notenda. Hægt er að líkja þeim við framvísun á vegabréfi á netinu. Auðkenni gefur út skilríkin og er hægt að nálgast allar nánari upplýsingar á heimasíðu Auðkennis, audkenni.is. Til eru fjórar tegundir skilríkja:

- **Starfsskilríki:** Kjörin fyrir einstaklinga tengdum fyrirtækjum til notkunar með bókhaldskerfum, í samskiptum við toll og skatt, við innskráningar á vefsvæði og undirritun rafrænna skjala. Skilríkin eru gefin út á einstakling en með tengingu við fyrirtæki. Á skilríkjunum er kennitala skilríkjahafans og einnig kennitala og nafn fyrirtækis. Starfsskilríki eru auðkennandi fyrir hvern starfsmann. Með þeim er hægt að rekja hverja færslu/aðgerð sem gerð er í bókhaldskerfinu.
- **Búnaðarskilríki:** Hönnuð fyrir kerfi sem hafa bein samskipti við sambankakerfi banka og sparisjóða. Undirliggjandi skilríki í bókhaldskerfi fyrirtækisins. Rekjanleiki á framkvæmdum aðgerðum ekki mögulegur.
- **Skilríki á debetkortum:** Kjörin fyrir öruggeri innskráningar á vefsvæði og til undirritunar rafrænna skjala.
- **Einkaskilríki:** Auk rafrænna skilríkja á debetkortum, sem einstaklingum býðst án endurgjalds, geta einstaklingar keypt einkaskilríki sem eru kjörin fyrir öruggeri innskráningar á vefsvæði og til undirritunar rafrænna skjala. Þessi skilríki eru eins og rafrænu skilríkin á debetkortum. Skilríkin eru gefin út á einstaklinga og á þeim er kennitala og nafn skilríkjahafans. Allar nánari upplýsingar er að finna á audkenni.is.

Innskráning í B2B

Til að tengjast B2B þarf notandi að vera með rafræn skilríki og senda inn notandanafn og lykilorð. Í fyrsta skiptið sem notandi ætlar að tengjast B2B fær hann villu 1000 því vefþjónustan nær ekki að auðkenna notandann meðan skilríkin eru ennþá óvirk. Notandinn þarf þá að hafa samband við Fyrirtækjaþjónustu Arion banka, arionbanki@arionbanki.is eða þjónustuver Arion banka í síma 444 7000. Þar verða skilríkin virkjuð. Athugið að notandinn þarf að reyna að tengjast áður og fá villuna til þess að hægt sé að virkja skilríkin.

Netbanki eða B2B?

Margir spyrja sig hvort henti betur, netbanki eða B2B. B2B veitir í raun stuðning við netbankann, þarna er ekki um samkeppni að ræða. Netbankinn býður mun fjölbreyttari þjónustuþætti, en gott er að huga að kostum B2B sem farið er yfir hér ofar.

Kostar B2B?

Ekkert stofngjald né árgjald er greitt til bankans vegna B2B þjónustunnar, og öll notkun er gjaldfrjál. Hafa þér þó í huga að B2B er samskiptatól sem notað er til að framkvæma ýmsar bankaaðgerðir sem geta verið gjaldskyldar.

Fyrirtæki þarf að hafa samband við sitt hugbúnaðar-fyrirtæki varðandi uppsetningu og ef viðbótarhugbúnaðar er þörf. Slíkar viðbætur geta haft kostnað í för með sér samkvæmt verðskrá hugbúnaðarfyrirtækisins.

Arion banki fer fram á notkun á rafrænum skilríkjum þegar þjónustan er notuð.

Aðstoð

Arion banka er umhugað um viðskiptavinum sína og vill veita framúrskarandi þjónustu. Ef þú þarft aðstoð eða nánari upplýsingar, geturðu haft samband við arionbanki@arionbanki.is eða þjónustuver okkar í síma 444 7000.